# Stjórnarfundur 15. apríl 2019

Mættir: Hjörtur Bergstað, Leifur Arason, Svafar Magnússon, Sigurbjörn Þórmundsson og Einar Gíslason

*Málefni tekin fyrir:*

1. **Umgengni á rúllusvæði**

Umgengni á rúllusvæði er mjög slæm, fjúkandi plast og rusl hefur safnast saman á svæðinu. Þá koma aðilar með hundana sína á svæðið til að gera þarfir sínar og heimilissorp hefur einnig verið hent á svæðið. Skoða þarf hvort ekki sé hægt að loka svæðinu með hliði.

2. **Hreinsunardagur Fáks**

Verður 9. maí klukkan 17:00 til 19:00. Auglýsa á heimasíðu.

3. **Staðfesting á samningi um félagsheimili**

Samningur um félagsheimilið kynntur. Ákveðið hefur verið að semja við Villibráð Silla slf.

4. **Samningar við reiðskóla í sumar**

Drög að samningi samþykkt.

5. **Skila nöfnum vegan Íþróttaþings ÍSÍ – fer fram dagana 3.-4. maí næstkomandi.**

Einar Gíslason verður fulltrúi Fáks á þinginu.

6. **Breyta lögheimili Fáks og reiðhallarinnar**

Samþykkt að breyta lögheimili Fáks og reiðhallarinnar í Brekknaás 5.

*Fleira ekki tekið fyrir á fundinum:*

*Fundargerð ritaði Einar Gíslason.*